

## Fundur fimmtudaginn 17. febrúar 2011

Mættir: Rakel, Gunnar, Hafsteinn Dan, Jónas, Ingólfur.

### 1. Fjárhagsáætlun

Rætt var um fjárhagsáætlun, sbr. sú áætlun sem fékk nafnið v1. M.a. var rætt um:

- Hver hefði verið fjárhagsstaðan við áramót og hvert væri ráðstöfunarfé TSÍ á þessu ári til þess m.a. að mæta kostnaði vegna fjölda landsliðsverkefna.
- Hvort leikmenn ættu að greiða 30.000 eða 40.000 kr. á keppnisferð. Ekki var tekin endanleg ákvörðun um það atriði.
- Rætt var um hvaða fjárhæð ætti að greiða farastjórum í ungmennaferðum. Talað var um kr. 6.500 á dag. Ákveðið var að tala við Jón Axel til að heyra hljóðið í honum vegna þeirrar fjárhæðar. Samhliða var rætt um kostnað vegna farar á þróunarmótið.
- Rætt var um hvert væri árgjald alþjóðatennissambandsins og skuldajöfnun sambandsins gagnvart TSÍ.
- Rætt var um að breyta uppsetningu fjárhagsáætlunar til að gera hana gegnsæri.
- Samþykkt var að draga íslenska kvennalandsliðið úr keppni í Fed Cup. Jafnframt fram samþykkt að gera eitthvað í staðinn fyrir kvennalandsliðshópinn og/eða Söndru Dís.
- Rætt var um hvernig best væri háttáð dómargæslu vegna evróputennismóta. Ákveðið var að settar yrðu niður reglur um hvernig dómaranefnd greiddi fyrir dómargæslu í mótum þannig sjóðnum væri ráðstafað á skynsamlegan hátt. Dómaranefnd getur útvegað dómara á 6 leiki á hvert Evrópumót.
- Rætt var um þörf á að finna staðgengil í stað Youseif í dómaranefnd.
- Rætt var um hvort ólympíuleikar æskunnar stönguðust á við Danmerkurferð og kanna hvort Hera, Sverrir og Valdimir og þeir sem kæmu til greina myndu frekar vilja fara í Danmerkurferðina eða ólympíuleika æskunnar.
- Ingólfur ætlaði að skoða skrifstofukostnað TSÍ.
- Ákveðið var að kanna hvað kostaðu landsliðsæfingar.

Ákveðið var að stjórnarmenn myndu kynna sér fjárhagsáætlun v1 fyrir næsta fund.

Fundi slitið.